

MARTEINN SINDRI JÓNSSON, STEINAR ÖRN ERLUSON,
GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR OG
SIGRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

Arfleifð Freuds

Sálgreining og hugvísindi

1.

Undir lok 19. aldar hófst austurríski taugalæknirinn Sigmund Freud handa við þróun sálgreiningar — nýrrar meðferðar við sálrænum og geðrænum röskunum sem byggði á róttækri kenningu um áhrif dulvitaðra hvata og langana á einstaklinga og samfélög.¹ Allt frá fyrstu tíð hefur sálgreiningin verið umdeild og hún á sér vissulega flókna viðtökusögu. Gjarnan hafa spjótin beinst að því hvort hún geti uppfyllt kröfur náttúruvísindanna.² Þær kröfur á sálfræðin sem slík raunar erfitt með að uppfylla, nema að því leyti sem hún fæst við greinar á borð við líffræði og taugavísindi, því þegar hún tekur til við að rannsaka hugsun, tungumál, félagslega hegðun og tengsl

¹ Sigurjón Björnsson hefur gert greinarmun á sálgreiningu sem *meðferð* og sálgreiningu sem *kenningu* og lagt til að orðið *sálkönnun* sé notað um meðferðina. Sjálfur gerði Freud ekki slíkan greinarmun og vísar þýska hugtakið *Psychoanalyse* jafnt til meðferðar og kenningar. Sjá Sigurjón Björnsson, „Inngangur þýðanda“, Sigmund Freud, *Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1995, bls. 7–12; hér bls. 12.

² Sjá til dæmis Róbert H. Haraldsson, „Vald ástarinnar í undarlegum og ógnvekjandi heimi“, *Tveggja manna tal*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001, bls. 83–90; Sigurður J. Grétarsson, „Sálgreining og sálfræði á 20. öld“, *Ritið* 2/2003, bls. 63–71; Haukur Ingi Jónasson, „Ottinn við sálina“, *Ritið* 2/2003, bls. 25–32; Jón Ólafsson, „Freud um siðmenningu og samfélag“, *Ritið* 2/2003, bls. 33–47; og Alenka Zupančič, „Psychoanalysis“, *The Edinburgh Companion to Twentieth-Century Philosophies*, ritstjóri Constantin V. Boundas, Edinburgh: Edinburgh University Press, 2007, bls. 457–468.



„innan frá“ vandast málin.³ Slóvenski heimspekingurinn Alenka Zupančič telur raunar að erindi sálgreiningarinnar í *samtímanum* sé ekki síst fólgið í því hvernig kenningin tekst á við þær þverstæður sem hljóttast af skörun þess líffræðilega og þess menningarlega:

Ef gera ætti glögga grein fyrir því hvert viðfangsefni sálgreiningarinnar er yfirleitt mætti einmitt lýsa því svo: viðfangsefni sálgreiningar er svæðið þar sem þessi tvö svið skarast, það er þar sem hið líffræðilega eða líkamlega er þegar orðið hugrænt eða menningarlegt og þar sem menningin sprettur um leið einmitt úr ógöngum líkamsstarfseminnar sem hún reynir að greiða úr (og veldur með því nýjum ógöngum).⁴

Meginmarkmiðið með þessu hefti er hvorki að rökræða vísindalegan grundvöll sálgreiningarinnar né gildi hennar sem meðferðarúrreðis, heldur gera tilraun til að nálgast hana sem heimspekilega kenningu og rannsóknartæki í hugvísindum. Greinarnar og þýðingarnar sem hér birtast eru af þeim sökum nátengdar hugmyndasögu, verufræði, þekkingarfræði, siðfræði og túlkunarfræði sálgreiningar og varða ýmis viðfangsefni sem spretta upp úr stefnumóti siðmenningarinnar og líkamans – þar á meðal einstaklinginn og sjálfíð, kyn og kyngervi, stjórnmal og samfélag, tungumál, bókmenntir og listir.

Sjö frumsamdar greinar, einn myndabáttur og fimm nýjar þýðingar tilheyra þema þessa sérheftis *Ritsins* sem á sér satt að segja býsna langan að-

³ Sjá til dæmis Thomas Hardy Leahey, *A History of Psychology. Main Currents in Psychological Thought*, New Jersey: Prentice Hall, 2000, bls. 3–54 og Umberto Galimberti, „L'impossibilità per la psicologia di costituirsi come scienza sul modello delle scienze della natura“, *Psichiatria e fenomenologia*, Milano: Feltrinelli, 2007, bls. 105–116. Í þessu samhengi mætti nefna nýlega þróun á fræðasviði sem kallast *taugasálgreining* (e. *neuropsychanalysis*) og hefur verið í sókn undanfarin ár. Þar er fengist við að samræma þekkingu úr taugalífeðlisfræði og kenningar sálgreiningar um virkni sálarlífsins. Forystumenn þessarar hreyfingar telja sig vera að hefja sig upp úr andstæðunni milli hlutlægrar og huglægrar þekkingar. Þar með treysti þeir grundvöll sálgreiningarinnar en leysi einnig þær áskoranir sem raunvísindin standa frammi fyrir þegar tekst er á við huglæga reynslu fólks. Sjá Mark Solms og Oliver H. Turnbull, „What is Neuropsychanalysis“, *Neuropsychanalysis. An Interdisciplinary Journal for Psychoanalysis and the Neurosciences* 2/2011, bls. 133–145. Jafnframt má benda áhugasömum á heimasíðu nýstofnaðs félag um taugasálgreiningu, <https://npsa-association.org/>.

⁴ Alenka Zupančič, „Psychoanalysis“, bls. 457. Textinn er fenginn úr óbirtri þýðingu Egils Arnarsonar.

draganda.⁵ Mikið af efninu varð til á árunum 2005 til 2010 fyrir útgáfu á vegum bókaforlagsins Nýhil í hinum svokallaða *Af*-flokki. Sú ritröð þverar að einhverju leyti mörk bókmennta, lista og fræðilegrar umfjöllunar og með bókunum *Af steypu*, *Af okkur* og *Af marxisma* var gerð áhugaverð tilraun til að finna fræðilegri umræðu farveg í sjálfstæðri ritröð. Það varð þó aldrei að bókin *Af sálgreiningu* liti dagsins ljós. Um hríð stóð til að efnid kæmi út undir merkjum Háskólaútgáfunnar og fékkst vilyrði fyrir útgáfu af hálfu Bókmennta- og listfræðastofnunar Háskóla Íslands. Á þeim tíma lagði Benedikt Hjartarson mikið af mörkum til ritstjórnarinnar. Viljum við sem erum titlaðir gestaritstjórar þessa heftis þakka honum fyrir gjöfult samstarf og dýrmætt framlag hans til verksins. Eins kunnum við öllum höfundum og þýðendum, ritstjórum, ritrýnum, prófarkalesurum og öðrum sem hafa komið að gerð heftisins á einum eða öðrum tíma bestu þakkir.

Myndverkið *Sónar* (2020) eftir Harald Jónsson prýðir að þessu sinni forsíðu heftisins. Trapisuformið er auðþekktanlegt, en það er öllu óljósara hvað það birtir okkur. Við búumst við því að sónarmyndin sýni einn eða fleiri líkama í fósturstellingu sem hafa enn ekki fengið nafn eða rödd. Það er meðal annars á slíkum myndum sem mannlíkaminn hefur vegferð sína inn í tákneim menningarinnar. Þá er gjarnan spurt um kyn fóstursins, um heilsu þess og þroska, um framtíð þess og örlög. Sem liður í mótun sjálfsverunnar í ímyndarheimi samtímans er sónarmyndin einskonar snemmbúið „ávarp“ handan tungumálsins.⁶ Þannig dregur listaverkið fram þá skörun

⁵ Jafnframt má nefna að þetta er ekki í fyrsta sinn sem sálgreining sem kenning er gerð að meginumfjöllunarefni *Ritsins*. Árið 2003 ritstýrðu þeir Guðni Elísson og Jón Ólafsson hefti sem ber einfaldlega heitið *Sálgreining (Ritið 2/2003)* en efnid var byggt á erindum af málþingi sem Hugvísindastofnun hélt Sigurjóni Björnssyni til heiðurs í maímánuði þetta ár. Má þar finna ýmsar greinar sem standa í beinum tengslum við efni sem birtist hér.

⁶ Franski heimspekingurinn Louis Althusser þróaði kenningar sínar um ávarpið (e. *interpellation*) með hliðsjón af kenningum Sigmunds Freuds og Jacques Lacan en hugtakið lýsir því hvernig einstaklingur mótast í samfélagi sem „varpar“ á hann tilteknum hlutverkum og skilgreiningum sem hver og einn samsamar sig með ólíkum hætti. Einhver kann að efast um að hugtakið eigi við um ófædd börn, en í því samhengi má benda sérstaklega á orð Althusser: „Einstaklingurinn er ávallt-þegar sjálfsvera, jafnvel áður en hann fæðist, og í því felst alls engin þversögn. Freud sýndi fram á að einstaklingar væru alltaf „sérteknir“ miðað við þær sjálfsverur sem þeir væru ávallt-þegar með því einu að taka eftir hvaða hugmyndafræðilegu helgisiðir fylgdu biðinni eftir „fæðingunni“, þessum „gleðiatburði“. Allir vita hversu mjög og hvernig beðið er eftir ófæddu barni [...] það er fyrirfram gefið að það mun bera nafn föðurins, það muni þannig fá sína sjálfsemd og enginn muni geta komið í stað þess. Áður en það fæðist er barnið því ávallt-þegar sjálfsvera og því ætlað að vera það

hins líkamlega og menningarlega sem knúið hefur áfram kenningasmíði sálgreiningarinnar, allt frá dögum Freuds og fram til dagsins í dag.

2.

Sigmund Freud fæddist árið 1856 í útjaðri austurríska-ungverska keisara-dæmisins, í borginni Freiburg á Mæri (þ. *Mäbren*, lat. *Moravia*) sem í dag er austurhluti Tékklands.⁷ Hann þótti snemma afburðanemandi og valdi að leggja stund á læknisfræði þegar hann hóf háskólanám í höfuðborginni Vín. Raunar leit hann alla tíð á sig sem raunvísindamann, honum var mikið í mun að gera vísindalegar uppgötvunar og að sálgreiningin öðlaðist sess sem grein innan raunvísindanna. Freud lauk doktorsprófi aðeins 25 ára gamall en átti litla möguleika á því að komast til metorða innan háskólakerfisins. Þar vó þungt að hann var af gyðingaættum enda færðist andúð og hatur á gyðingum í aukana undir lok 19. aldar í veldi Habsborgara.⁸ Hann opnaði því einkastofu við Berggasse 19 í Vín og tók til starfa sem taugalæknir.⁹

Freud þróaði sálgreiningu fyrir og eftir aldamótin 1900 sem vísindalega kenningu og meðferð við kvíða, taugaveiklun, þunglyndi, depurð, ótta og öðrum andlegum erfiðleikum sem sjúklingar hans glímdu við. Hornstein sálgreiningarinnar lagði hann árið 1895 með útgáfu ritgerðarinnar *Fimm sjúkdómstilfelli sefasýki* (*Fünf Studien über Hysterie*) í samstarfi við annan tauga-lækni, Josef Breuer. *Móðursýki* er raunar gegnsærri þýðing á hugtakinu *hysteria* sem dregið er af gríska orðinu *ύστερα* (hustérah) sem merkir (burðar)leg eða móðurlíf. Forn-grískir lækna (og margir eftir þeirra daga) töldu nefnilega að sjúkdómurinn stafaði hreinlega af líffræðilegu eðli kvenlíkamans og vísar gríska hugtakið til þeirrar hugmyndar að legið væri á ferð og flugi og ylli margvíslegum einkennum hvar sem það bæri niður.¹⁰

fyrir tilstilli þess tiltekna hugmyndafræðilega fjölskylduforms sem „bíður“ eftir því, eftir að það var getið.“ Sjá Louis Althusser, „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnun ríkisins (rannsóknarpunktur)“, *Af marxisma*, Egill Arnarson þýddi og ritaði inngang, Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson ritstýrðu, Reykjavík: Nýhil, 2009, bls. 168–228, hér bls. 220.

⁷ Tékkneskt heiti borgarinnar er Příbor og þar er nú rekið safn á fæðingarheimili Freuds.

⁸ Þetta hefur Sigurjón Björnsson eftir Ernest Jones, nemanda og ævisagnaritara Freuds. Sjá Sigurjón Björnsson, „Inngangur þýðanda“, bls. 7.

⁹ Sjá Dagný Kristjánsdóttir, „Dóra í meðferð Freuds. Um kvenleikann sem dulvitund sálgreiningarinnar“, *Ritið* 2/2003, bls. 93–111, hér bls. 96.

¹⁰ Sefasýki var á tíma Freuds afar útbreidd sjúkdómsgreining en hvarf raunar alveg af sjónarsviðinu upp úr fyrra stríði. Þar vó þungt að fjöldi hermanna sem gegnt hafði

Freud hafði komist í tæri við sefasýki árið 1885 þegar hann dvaldi eina önn á Salpêtrière sjúkrahúsinu í París við fótiskör franska geðlæknisins Jean-Martins Charcot sem var heimsþekktur fyrir rannsóknir sínar á þessum tíma. Charcot var þeirrar skoðunar að karlmenn gætu hrjáðst af sefasýki, ekki síður en konur, og beitti umtalsvert mannúðlegri meðferðarúrráðum en ýmsir aðrir læknar á 19. öld. Engu að síður beindist athyglin á Salpêtrière fyrst og fremst að kvenlíkamanum og hinum sýnilegu, líkamlegu einkennum. Charcot dáleiddi gjarnan sjúklinga sína til að nota þá sem sýnidæmi í kennslu en á sjúkrahúsinu var líka sérstök ljósmyndastofa. Þar voru teknar ljósmyndir sem orðið hafa viðfrægar en eru jafnframt til vitnis um rótgróna hlutgervingu og sjúkdómsvæðingu kvenlíkamans í vestrænni menningar sögu.¹¹ Með tilliti til aðferða Charcots og margra annarra samtímamanna mörkuðu rannsóknir Breuers og Freuds viss tímamót – í stað þess að einblína á líkamleg einkenni sefasjúklinganna fóru þeir að leggja við hlustir.¹² Þeir héldu, að minnsta kosti framan af, að sjúklingunum batnaði af sefasýkinni við það eitt að rifja upp og segja frá reynslu sinni og ályktuðu í *Fimm sjúkdómstilfelli sefasýki* að „[s]efasjúklingar þjást fyrst og fremst af minningum.“¹³

herþjónustu í hildarleik heimsstyrjaldarinnar sneri til baka af vígstöðvunum illa hrjáður af einkennum sefasýki. Það leiddi til róttækrar endurskoðunar á viðtekinni þekkingu og markaði að einhverju leyti upphaf nútímageðlækninga (e. *psychiatric modernism*). Sjá til dæmis Elaine Showalter, *The Female Malady. Women, Madness and English Culture 1830–1980*, New York: Pantheon Books, 1985 og Andrew Scull, *Hysteria. The Disturbing History*, Oxford: Oxford University Press, 2009. Ísland var hér engan veginn undanskilið. Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur hefur gert rannsóknir á útbreiðslu sefasýkisgreininga á Íslandi fyrir og eftir aldamótin 1900. Niðurstöður hans má meðal annars lesa í nýlegu erindi af kvennasöguþingi í Stokk-hólmi. Sjá Sigurgeir Guðjónsson, „The hysteric women of Iceland in the late 19th century“, *Gender, History, Futures. Report from the XI Nordic Women's and Gender History Conference, Stockholm, Sweden, August 19–21 2015*, Skogh, 2018, bls. 50–58.

¹¹ Sjá til dæmis Georges Didi-Huberman, *Invention of Hysteria. Charcot and the Photographic Iconography of the Salpêtrière*, Alisa Hartz þýddi, Cambridge, MA og London, UK: The MIT Press, 2005 og Elaine Showalter, *The Female Malady*, bls. 1–20 og 145–164.

¹² Elaine Showalter, *The Female Malady*, bls. 154–155.

¹³ Josef Breuer og Sigmund Freud, *Studies on Hysteria*, James Strachey þýddi og ritstýrði, New York: Basic Books, 1957, bls. 7, skáletur úr frumtexta. Tilvitnun fengin úr Andrew Scull, *Hysteria*, bls. 138. Það voru í raun kynni Breuers af Önnu O. sem ruddu brautina að sálgreiningu sem samtalsmeðferð. Anna O., hværrar rétta nafn var Bertha Pappenheim, var ein þeirra fimm kvenna sem greint var frá í *Fimm tilfelli sefasýki*. Þegar Breuer tók við meðferð hennar um 1880 glímdi hún við margvísleg sjúkdómseinkenni, ofsjónir, hóstaköst, svefnleysi, lömun í hægri hlið líkamans, alvarlegar sjóntruflanir, heiftarleg reiðiköst og málstol svo eitthvað sé nefnt. Þegar

Ekki löngu eftir útgáfu bókarinnar hafnaði Freud þessum hugmyndum og leiðir þeirra Breuers skildu. Í framhaldinu hóf Freud að þróa kenningar sínar um dulvitund og hvatalíf og móta meðferðartækni sína. Kenningu sína byggði Freud á þeirri sannfæringu að sjúkdómseinkenni sefasjúklingsins stöfuðu af bælingu dulvitaðra hvata og langana.¹⁴ Meðferðin fólst síðan í því að sjúklingurinn lagðist út af á legubekk og lét hugann reika. Freud sat til hliðar við „höfuðgaff“ legubekksins, utan sjónmáls, og leitaði að ummerkjum um þessar dulvituðu hvatir og langanir í frásögn sjúklingsins og frjálsum hugrenningum. Grein Sigrúnar Ölbu Sigurðardóttur hér í heftinu nefnist „Afgerandi augnablik. Um tráma og úrvinnslu þess í kvikmyndinni *Andkristur* eftir Lars von Trier“ og kallast á við ýmislegt sem áhrærir þær félagsögulegu aðstæður sem kenningasmíð Freuds er sprottin úr. Sigrún vekur meðal annars máls á kynjapólitískum víddum áfalla og þeim samskiptum, sjúkdómseinkennum og úrræðum sem gjarnan eru í húfi þegar einhver leggst á bekkinn og annar leggur við hlustir.

En hvað átti Freud við með dulvituðum hvötum og löngunum? Í skrifum sínum endurskoðaði hann stöðugt fyrri hugmyndir, þar með talið kenningar sínar um sálræna gerð mannsins. Endanlegt líkan Freuds yfir grunnformgerð sálarlífsins sýnir tengsl þriggja meginþátta þess; *þaðsins*, *sjálfins* og *yfir-sjálfins*.¹⁵ Milli þessara þátta, sem gegna ólíku hlutverki, flæðir „líbíðó“ en það er orka sem er að hluta til hugræn og að hluta líkamleg. Hún knýr gangverk sálarlífsins en frumvirkni þess er tvískipt; annars vegar fólgin í *lífsbvöt* (Eros) sem miðar að uppbyggingu og viðhaldi lífsins og hins vegar í *daudabvöt* (Panatos) sem stefnir að niðurrífi lífsins og eyðileggingu.¹⁶ Torfi H.

hún fékk tungumálið á nýjan leik talaði hún reiprennandi á ensku en sagði ekki stakt orð á móðurmálinu, þýsku. Einkennin létu að einhverju leyti undan síga þegar hún deildi reynslu sinni með Breuer og því stakk hún upp á heitinu „the talking cure“. Sjá Andrew Scull, *Hysteria*, bls. 135–142. Dæmi Önnu O er aftur á móti flókið. Meðferð Breuer lauk nefnilega aldrei, hann henti Önnu út úr meðferðinni. Anna var mjög skapandi ung kona en neitaði dáleiðslu sem Breuer trúði á og var með frumlegar nýskapandi kenningar sem Breuer þoldi ekki. Hann var líka hrifinn af henni og hræddur við hana. Freud og Breuer greindi á um meðferð Dóru og hún læknaði sig sjálf að lokum. Sjá *In Dora's Case. Freud-Hysteria-Feminism*, Cales Bernheimer og Claire Kahane ritstýrðu, New York: Columbia University Press, 1985, bls. 9.

¹⁴ Eins og Dagný Kristjánsdóttir ræðir í umfjöllun sinni „Dóra í meðferð Freuds“ fór kenningakerfið snemma að bera frásagnir og reynsluheim sjúklunga Freuds ofurliði, sjá til dæmis bls. 106–108.

¹⁵ Freud gerir grein fyrir lokaniðurstöðu sinni af starfsháttum sálarlífsins í „Sjálfíð og þaðíð“, *Ritgerðir*, Sigurjón Björnsson þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 245–296.

¹⁶ Sjá Sigmund Freud, „Handan vellíðunarlögmálsins“, *Ritgerðir*, Sigurjón Björnsson

Tulinius fjallar einmitt um dauðahvötina og skáldskapinn í grein sinni „Til móts við dauðann í *Brennu-Njáls sögu*“. Hann beinir sjónum að því þegar söguhetjur *Njálu* virðast þrá eigin dauða eða taka honum fagnandi. Með hliðsjón af kenningu Peters Brooks um tengsl dauðahvatar og frásagnarlistarinnar varpar hann einnig áhugaverðu ljósi á virkni skáldskaparins og eðli og hlutverk framvindu og endurtekningu í bókmenntatextum.¹⁷ Dauðinn er ennfremur viðfangsefnið í myndapætti heftisins „Mennirnir fljóta út. Ljósmyndun, sálgreining og sorgarúrvinnsla“. Þar fjallar annar gestaritstjóra, Steinar Örn Erluson, um safn mynda úr Ljósmyndasafni Íslands af fólki sem lést á sjó á árunum 1939–1945.

Líbídóið sprettur upp úr þaðinu, samkvæmt Freud, en sjálfíð á rætur að rekja til spennunnar á milli hvatanna og ytri veruleika; það sér um að beina eðlishvötunum í réttan farveg og setur sig upp á móti skýlausri kröfu þaðsins um tafarlausa fullnægju. Þar nýtur sjálfíð fulltingis yfirsjálfsins sem dregur sjálfíð stöðugt til ábyrgðar fyrir athafnir þess, langanir og hugsanir í samræmi við kröfur samfélagsins, foreldra og yfirboðara. Þetta kallar Freud baráttu *velliðunarlögmálsins* og *raunveruleikalögmálsins*. Manneskjan verður að læra að slá velliðan sinni á frest og sættast á ákveðna ófullnægju ef hún á að geta lifað og starfað eftir viðmiðum og kröfum samfélagsins. Meginhlutverk sjálfsins í þessari baráttu er að tryggja vöxt og viðgang einstaklingsins sem er nauðbeygður til að lifa undir „oki siðmenningar“.¹⁸

Ein þekktasta útfærsla Freuds á þessum átökum eru kenningar hans um Ödipusarduldina sem hverfast að einhverju leyti um tilraunir barnsins til að veita boðum og bönnum uppeldisaðilanna mótspyrnu. Freud leggur, eins og frægt er orðið, mesta áherslu á mótun þess af lögmáli föðurins í feðraveldissamfélagi og táknrænt hlutverk kynfæra karlmannna sem birtist í vönnunarótta drengja og reðuröfund stúlkna.¹⁹ Þessi reðurmiðjaða (e. *phallogentric*) kenning hefur lengi sætt gagnrýni femínískra kennismiða og grein

þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 85–147. Eins og Sigurjón bendir á í inngangi að ritgerðinni, þá lagði Freud þar „grunninn að endanlegri hvatakenningu sinni, tvískiptingunni í dauðahvöt og lífshvöt.“

¹⁷ Meðal efnis í *Ritinu* 2/2003 var grein Peters Brooks, „Meistarafletta Freuds. Líkan fyrir frásagnir“, í þýðingu Brynju Magnúsardóttur með inngangi Guðna Elíssonar, bls. 165–190.

¹⁸ Samanber orðalag Freuds í þeim titli sem hann valdi greiningu sinni á hlutskipti einstaklingsins í samfélaginu í Sigmund Freud, *Undir oki siðmenningar*, Sigurjón Björnsson þýddi og ritaði inngang, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990.

¹⁹ Sjá Sigmund Freud, *Draumaráðningar*, Sigurjón Björnsson þýddi, Reykjavík: Skrudda, 2010, bls. 198–200 og Sigmund Freud, „Sjálfíð og þaðíð“, *Ritgerðir*, bls. 237–296, hér bls. 265 og áfram.

Dagnýjar Kristjánsdóttur „Kóralína og mæður hennar. Um vandkvæði þess að skipta um móður í *Kóralínu* eftir Neil Gaiman“, varpar skýru ljósi á annmarka upphaflegu kenningarinnar. Ennfremur ræðir Dagný skrif Freuds um hið ókennilega (þ. *das Unheimliche*) með hliðsjón af úrkasti (fr. *abject*) Juliu Kristevu, hryllingskonu (e. *the monstrous feminine*) Barböru Creed og kenninga Brunos Bettelheim sem notaði gömlu ævintýrin í sálgreiningarvinnu sinni með börnum og unglingum.

Eitt mikilvæðasta framlag Freuds felst í hugmyndum hans um dulvitundina.²⁰ Hún er jafnframt einn óræðasti þáttur sálgreiningarinnar og hafa margir hafnað dulvitundinni sem hjávísindum og heilaspuna. Freud viðurkendi sjálfur að það væri erfitt að nálgast þennan sálræna veruleika með vísindalegum hætti: „Vér köllum sálrænt ferli dulvitað þegar vér verðum að gera ráð fyrir tilvist þess vegna þess að vér ályktum um það af áhrifum þess – en vitum ekkert um það“.²¹ Þannig sá Freud dulvitundina mjög víða *ad verki*: í draumum, mismælum, pennaglöpum, gagnúð²² og svo framvegis. Freud

²⁰ Sæunn Kjartansdóttir fjallar meðal annars um klassíska sálgreiningu, viðfangstengslakenningar og sjónarhorn femínískra sálgreinenda í bók sinni *Hvað gengur fólki til? Leit sálgreiningar að skilningi*, Reykjavík: Mál og menning, 1999. Hún segir að þrátt fyrir ágreining innan sálgreiningarinnar séu þrjár forsendur óumdeildar: „Fyrsta forsendan er að stöðugt eigi sér stað ómeðvituð sálræn virkni sem hefur áhrif á líðan okkar og gerðir. Önnur forsenda sálgreiningar er að við beitung sálrænum varnarháttum til þess að verja okkur fyrir vitneskju um hið ómeðvitaða. Þriðja forsendan er að tengsl okkar við aðra séu mótuð af tengslum við lykilpersónur barnæskunnar“ (bls. 21). Dulvitundin var í sjálfu sér ekki uppfinning Freuds; ýmsir heimspækingar höfðu notað hugtakið á 19. öld og hafði Eduard von Hartmann meira að segja skrifað þriggja binda verk sem kom út árið 1869 og nefndist *Heimspæki hins dulvitaða* (*Philosophie des Unbewussten*). Þetta verk hafði þó litla þýðingu fyrir þróun sálgreiningarinnar. Öðru máli gegnir um hugmyndir Friedrichs Nietzsche og Arthurs Schopenhauer sem fjölluðu í verkum sínum um margt sem sálgreinendur áttu síðar eftir að taka til greina. Sigmund Freud hafði aftur á móti lítinn áhuga á skrifum heimspækinganna, enda leit hann á sig sem raunvísindamann, eins og áður hefur komið fram. Sjá Josef Rattner og Gerhard Danzer, *Psychoanalyse heute. Zum 150. Geburtstag von Sigmund Freud (6. Mai 1856)*, Würzburg: Königshausen & Neumann, 2006, bls. 82–83.

²¹ Sigmund Freud, „Sundurgreining hins sálræna persónuleika“, *Nýir inngangsfyrirlestrar um sálkönnun*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, bls. 67–92, hér bls. 81. Sjá einnig umfjöllun um dulvitundina í Jean Laplanche og Jean-Bertrand Pontalis, *The Language of Psycho-Analysis*, New York: Norton, 1973, bls. 474–476.

²² Gagnúð er annað hugtak yfir það sem kallast í sálgreiningarmeðferð *yfirfærsla*. Dagný Kristjánsdóttir ræðir hugtökin yfirfærsla og *gagnyfyrfærsla* með greinagóðum hætti í „Dóra í meðferð Freuds“, bls. 97–101.

kýs að nota ópersónulegt fornafn — *það* — um dulvitundina því það „virðist henta sérstaklega vel til að tjá höfuðeinkenni þessa sálræna svæðis – að vera sjálfinu framandi“.²³

Þær minningar, upplifanir, ímyndanir og hugmyndir sem tengjast kröfum eðlishvatanna um fullnægju hlaðast neikvæðri, óþægilegri spennu, að sögn Freuds, og er haldið frá sjálfsvitundinni (en knýja manninn samt til athafna). Þetta er í grundvallaratriðum það sem Freud kallar *bælingu*, einstaklingurinn glímur við að halda þeim óskum sem samviskan hleypir ekki í gegn fyrir utan meðvitaða reynslu sjálfsins. Bæling er einn varnarháttá sjálfsins og getur hræðsla þess við kenndirnar sem eru bældar brotist út, samkvæmt Freud, í taugaveiklun, sefasýki eða annars konar sjúkdómseinkennum. Veruleiki dulvitundarinnar skiptir því höfuðmáli þegar kemur að klínískri vinnu, enda er markmið sálgreiningarmeðferðar að koma á sambandi á milli sjálfsins og þaðsins, „að styrkja sjálfíð, gera það óháðara yfirsjálfinu, víkka skynjunarsvið þess og bæta skipulag, svo að það geti nálgast nýja hluta þaðsins. Þar sem þaðið var mun sjálfíð verða“.²⁴ Verkefnið, segir Freud, er að viðurkenna þátt hins ólgandi hvatalífs í mannum og í siðmenningunni og takast á við þann veruleika af heilindum jafnframt því að komast sæmilega óskaddaður undan oki siðmenningarinnar. Bælingin er lykilatriði í ritgerðinni „Neitun“ sem birtist hér í þýðingu Sigurjóns Björnssonar sálfræðings. Að öðrum ólöstuðum hefur Sigurjón lagt einna mest af mörkum hér á landi til rannsóknna á sviði sálgreiningar með þýðingum sínum á verkum Freuds, sem og kennslu og skrifum er varða efnið. Sigurjón hefur þýtt á annan tug lykilverka Freuds sem komið hafa út á síðustu þremur áratugum og því er sannarlega við hæfi að ný þýðing úr smiðju Sigurjóns líti hér dagsins ljós. Í ritgerðinni ræðir Freud hvernig neitun ákveðinnar hugsunar hjá sjúklingi getur lokað eða opnað sálgreinandanum leiðina að dulvitund hans, því neitunin leiðir í raun í ljós hugsun sem er of erfitt að horfast í augu við. Þar segir beinlínis: „Neitun er leið til að kynnast því sem bælt er“.

Kenningar sínar notaði Freud þó ekki aðeins til að greina sálrænar formgerðir og sjúkdómseinkenni, heldur einnig til að varpa ljósi á menningu og líf fólks í samfélagi, á listir, bókmenntir og goðsögur. Þræðir bókmennta og lista eru ofnir í fjölmörgum greinum þessa heftis, meðal annars í þýðingu Benedikts Hjartarsonar á grein Friedrichs Kittler, „Rómantík – sálgreining – kvikmynd. Um sögu tvífarans“, en þar er fjallað um sögu tvífarakenninga

²³ Sigmund Freud, „Sundurgreining hins sálræna persónuleika“, bls. 83.

²⁴ Sama heimild, bls. 92.

út frá bókmenntum rómantíska tímabilsins, kvikmyndum og sálgreiningu. Einnig ritar Benedikt ítarlegan formála um Kittler, hugmyndir hans og fræðilegt sambengi verka hans. Það er eini inngangurinn sem birtist sérstaklega með þýðingu í þessu hefti. Ástæðan fyrir því er sú að á meðan aðrir höfundar þýddra greina í heftinu eru vel þekktir hér á landi þá hafa verk Kittlers hingað til legið óbætt hjá garði.

Trúmál voru Freud sérstaklega hugleikin og fjallaði hann um uppruna og eðli trúarbragða og trúarkenndar, hið heilaga og hið bannhelga, meðal annars í bókunum *Tótem og tabú*, *Móse og eingyðistrúin*, *Blekkning trúarinnar* og *Undir oki siðmenningar*.²⁵ Sigurjón Björnsson hefur dregið fjögur meginstef í skrifum Freuds um trúmál saman á eftirfarandi hátt:

- (1) Trúarbrögð eru hugarfóstur mannsins, sprottin úr sálarlífi hans af þörf fyrir skýringu á veröld og mannlífi.
- (2) Trúarbrögð eru jafngildi taugaveiklunar hjá einstaklingum og eru jafn sjúkleg og þar.
- (3) Trúariðkun er rekin áfram af sektarkennd.
- (4) Trúin á rætur í bernsku manns og táknar upphafið samband við föður.²⁶

Kenningar Freuds um trúarbrögðin hafa mátt sæta margskonar gagnrýni og Sigurjón bendir einmitt á að þær geti „ekkert sagt um trúarlegan raunveruleika“ en að þær megi nota til að skilja „hvernig einstaklingurinn meðhöndlar hann“.²⁷ Þannig hefur sálgreiningin verið notuð innan trúarbragðanna sjálfra til að greina meðal annars heilbrigði trúarlífsins. Þann þráð er að finna í grein Ann Belford Ulanov um ótta kristinna einstaklinga og kirkjunnar við sálina sem hér birtist í þýðingu Hauks Inga Jónassonar. Ulanov er bandarískur fræðimaður og sálgreinir og tilheyrir raunar fremur þeirri hefð sem runnin er undan rifjum Carls Gustavs Jung. Í heftinu er sjónum einnig beint að öðru rannsóknarefni Jungs, dularsálfræði (e. *parapsycology*)

²⁵ Í verkunum beinir Freud sjónum meðal annars að því hvernig hin löghelgu boð og bönn samfélagsins (yfrsjálfið í menningunni) gera það að verkum að við erum dæmd til að lifa undir oki siðmenningarinnar. Ófeigur Sigurðsson hefur fjallað um gegnumbrot (e. *transgression*) þeirra marka sem samfélagið og trúarbrögðin setja mannum í grein um Georges Bataille, „Guðdómurinn er dýr. Rabbað um Georges Bataille og nokkur hugtök“, *Skírnir* vor/2014, bls. 144–159.

²⁶ Sigurjón Björnsson, „Sigmund Freud og trúarlífið“, *Ritið* 2/2003, bls. 73–91, hér bls. 79. Sjá einnig Sigurjón Björnsson, „Freud og syndin“, *Glíman* 3/2006, bls. 219–227.

²⁷ Sigurjón Björnsson, „Inngangur“, Sigmund Freud, *Undir oki siðmenningar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990, bls. 5–12, hér bls. 11. Sjá einnig Vilhjálmur Árnason, „Heil eða óheil trú“, *Rabbað um veðrið og fleiri heimspekileg hugtök*, Reykjavík: Heimspækistofnun og Háskólaútgáfan, 2015, bls. 83–86.

en hugtakið sagði hann ná yfir þau „vísindi sem taka á líffræðilegum eða sálfræðilegum atburðum sem bera það með sér að flokkunarkerfi efnis, rýmis og tíma (og því orsakasamhengis) lúta ekki að almennt viðurkenndum lögmálum.“²⁸ Dulsálarfræðin er einmitt viðfangsefni greinarinnar „Drauma-Jói, rannsókn 3. Fyrsta dulsálarfræðirannsóknin á Íslandi könnuð og lykkju við hana bæt“ eftir Bjarna M. Bjarnason. Þar fjallar hann um rannsókn sem doktor Ágúst H. Bjarnason framkvæmdi á Vopnafirði sumarið 1914 á fjar-skyggniáfu Jóhannesar Jónssonar frá Ásseli, eða Drauma-Jóa, en um er að ræða fyrstu fræðilega viðurkenndu rannsóknina sem framkvæmd var hér á landi á þessu sviði.

Eins og nú verður vikið að, þá hafa fjölmargir sálgreinendur, en ekki síður heimspekingar og aðrir fræðimenn, þróað og gagnrýnt kenningar sálgreiningarinnar frá því að Freud fór fyrst að setja þær fram með skipulegum hætti um og upp úr aldahvörfum nítjándu og tuttugustu aldar.²⁹

3.

Margir skólar, stofnanir og samtök sálgreiningarsinna hafa verið sett á fót frá því að Freud hóf að leita skýringa á taugaveiklun og sefasýki. Það leið ekki á löngu þar til ýmsir byrjuðu að gagnrýna og endurtúlka hugmyndirnar. Meðal elstu arftaka hans eru Carl Gustav Jung, Alfred Adler og Otto Rank en eftir að Freud lést árið 1939 þróuðust nýjar túlkningar, þar á meðal viðfangstengslakeningar Melanie Klein og síðar Donalds Winnicott og tengslakening Johns Bowlbys. Sæunn Kjartansdóttir varpar ljósi á þróun þessara strauma sálgreiningarhefðarinnar í grein sinni í þessu hefti, „Tengslakening Johns Bowlbys“ en eins og titillinn bendir til eru kenningar Bowlbys þar í brennidepli. Meðal þess sem Sæunn ræðir er hvernig tengslakeningin sker sig frá viðfangstengslakeningunni, samstarf Bowlbys og Mary Ainsworth, þróun tengslakeningarinnar og hvernig hún nýtist í meðferð bæði barna og fullorðinna.

Hér gefst að sjálfögðu ekki tólm til að rekja alla þá ólíku þræði sem arfleifð Freuds í samtímanum er ofín úr. Á sviði hugvísinda og heimspeki hefur þó einn kenningasmiður öðrum fremur mótað og miðlað arfleifð Freuds, en það er franskur sálgreinirinn Jacques Lacan. Kenningar Lacans eru sprottnar af tilraunum hans til að takast á við, það sem hann taldi, afbakanir á hugmyndum Freuds og sálgreiningarinnar. Hans helsti skotsþónn

²⁸ Carl Gustav Jung, „The Future of Parapsychology“. *Psychology and the Occult*, Princeton: Princeton University Press, 2020, bls. 156–158, hér bls. 156.

²⁹ Haukur Ingi hefur áður gert kenningum Ulanovs skil í grein sinni „Óttinn við sálina“ *Ritið* 2/2003, bls. 25–32.

var sjálfs-sálfræðin (e. *ego-psychology*) og endurskoðun Melanie Klein á kenningum Freuds. Í þessari viðleitni sótti Lacan óspart í brunn formgerðarhyggju Claudes Lévi-Strauss og málvísinda Ferdinands de Saussure. Framlag Lacans hefur af þessum sökum verið tengt ákveðnum viðsnúningi innan sálgreiningarinnar, frá líffræðilegum áherslum á hvatalíf til *tungumálsins* sem ráðandi þáttar í klínísku starfi. Lacan telur að það sé *tungumálið sem tali manninn* og að dulvitundin sé allt í senn þrá, unaður, krafa og orðræða Hins.³⁰ Með því er átt við að dulvitundin sé ekki aðeins hluti af líffræðilegum sálarbúnaði mannsins heldur eigi hún við um *allt* það sem liggur utan meðvitaðrar stjórnar mannsins og myndar skort í heimi sjálfsverunnar. Skorturinn er einmitt meginatriði í grein Guðrúnar Elsu Bragadóttur, „Til tunglsins og til baka. Takmarkalaus ást í kvikmyndinni *Hún*“. Þessi mynd bandaríska kvikmyndagerðarmannsins Spike Jonze fjallar um ástarsamband karlmanns og stýrikerfis. Samband þeirra gefur Guðrúnu Elsu tilefni til að ræða birtingarmyndir hvatalífs og viðfangstengsla í skrifum Freuds, kenningar hans um ástarhagkerfið og tengsl þess við narsisisma, sorg „og þá tilfinningu fyrir skorti sem einkennir mannleg samskipti og sambönd“.

Alain Badiou hefur bent á að samræðan á milli sálgreiningar og heimspeki í samtímanum byggist á nýrri hugmynd um manninn, „því það sem Freud lagði fram með dulvitundarhugtakinu var hugmyndin um mannlega sjálfsveru sem er meira en bara meðvitundin – sem felur meðvitundina í sér en er meira en bara hún; þetta er kjarninn í merkingu orðsins ‘dulvitund’“.³¹ Það má halda því fram að þessi atriði hafi ætíð verið miðlæg í sálgreiningunni, það er að segja hvað felist í því *ad vera* og *verða* sjálfsvera, en kenning Lacans um þetta efni sýnir hvernig sjálfið er hvorki fastákvæðað né fyrirfram gefið. Hann telur í stuttu máli að innganga barnsins í tungumálið marki skil á milli líffræðilegrar veru (ég, *je*) og mennskrar sjálfsveru (sjálf, *moi*), að sjálfsveran verði annars vegar til í gegnum frumhátt samsemdar (hið

³⁰ Þar á Lacan annars vegar við að við tökum við tungumálinu sem er afurð menningarinnar og það ber með sér hugmyndir, hugmyndafræði og afstöðu sem mótar sýn okkar á okkur sjálf og aðra án þess að við gerum okkur grein fyrir því. Hins vegar á hann líka við það að dulvitundin er formgerð eins og tungumál, það er að hún starfi samkvæmt lögmálum sem svipt til lögmála tungumálsins. Dæmi um þetta er hvernig Lacan notfærði sér kenningar málvísindamannsins og formgerðarsinnans Romans Jakobsson um nafnskipti og myndhvörf til að skýra og endurskoða draumakenningu Freuds þar sem draumavinnan fer fram með hliðrun og þéttingu.

³¹ Alain Badiou, „The Adventure of French Philosophy“, *New Left Review* 35/2005, bls. 67–77, hér bls. 74. Sjá einnig grein Alain Badiou, „Philosophy and Psychoanalysis“, *Infinite Thought. Truth and the Return to Philosophy*, London: Continuum, 2005, bls. 60–68.

ímyndaða) og hins vegar í gegnum frumhátt aðgreiningar (hið táknræna) eða tungumálið. Í ritgerð sinni „Spegilstigið“ ræðir Lacan ferlið sem hefst þegar barnið meðtekur heiminn.³² Áður en barnið kemst á spegilstigið er það aðeins „líkami í brotum“, það getur ekki gert greinarmun á sjálfu sér og öðrum og „yglir og glefsar út í loftið/ í draumi um geirvörtu og brjóst,“ eins og Dagur Sigurðarson orðar það í einu ljóða sinna.³³ Á milli 6 og 18 mánaða aldurs byrjar barnið að bera kennsl á skynheildina sem það sér í spegilmynd sinni og kemur á ímynduðum tengslum og sjálfsvissu gagnvart sínum eigin óbrúanlegu innri aðgreiningum. Virkni spegilstigsins er þess vegna frumháttur samsemdar á sviði *hins ímyndaða*. Hin óstöðuga ytri ímynd sem við samsömum okkur við er í raun til marks um firringu og afmiðjun sjálfsvrunnar því sjálfið er tilkomið að utan. Hinn í sjálfinu er því ekki eitthvað sem býr (innst) í manninum sem einhvers konar undirliggjandi grunnur eða efni. Og að verða sjálf er þar af leiðandi ekki „náttúrulegt“ ferli sem er innbyggð í lífveruna, heldur er sjálfið ávallt tilkomið vegna Hins.

Innan sálgreiningarinnar hefur mikið verið fjallað um kynhvattir og kynlíf, rétt eins og kynjamismuninn sjálfan, enda er „ekkert [...] *mannlegra* en að flækja kynhvötina, þessa blindu frumhvöt sem við eigum sameiginlega með dýrunum, leiða af henni margbrotnar og margvíslegar langanir og iðkanir,“ eins og Björn Þorsteinsson hefur komist að orði.³⁴ Luce Irigaray er meðal þeirra sem hefur nýtt sér hugmyndir Lacans til að fjalla um kynjamismun og kynjapólítík.³⁵ Helsti kosturinn við kenningu Lacans umfram kenningu

³² Sbr. Jacques Lacan, „Spegilstigið“. Óbirt þýðing eftir Björn Þorsteinsson. Þá má nefna að í *Ritinu* 2/2003 birtist grein Shoshana Felman um endurskoðun Lacans á Ödipusarduldinni, „Handan Ödipusar. Dæmisaga sálgreiningarinnar“, bls. 133–165, í þýðingu Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur. Alda Björk hefur líka skrifað um kenningar Lacans, t.d. í greininni „Á frátekna staðnum fyrir mig“. Ást og dauði í *Tímaþjófum* í ljósi sálgreiningar“, *Ritið* 2/2006 bls. 143–162. Um Lacan hefur einnig skrifað Sveinn Yngvi Egilsson, „Myndmál sálma. Tilraun til túlkunar með hliðsjón af kenningum Jacques Lacan“, *Kynlegir kvistir tíndir til beiðurs Dagnýju Kristjánsdóttur fimmugri*, ritstjóri Soffía Auður Birgisdóttir, Reykjavík: Uglur og ormar, 1999, bls. 143–171. Hugmyndir Lacans um spegilstigið sækja margt til ritgerðar Freuds „Um narsisma“ og kenninga sálfræðingsins Henri Wallon.

³³ Dagur Sigurðarson, „Geirvörtur (Til Möggu)“, *Rógmálmur og grásilfur*, Reykjavík: Heimskringla, 1971, bls. 50.

³⁴ Björn Þorsteinsson, *Eitthvað annað. Greinar um gagnrýna heimspeki*, Reykjavík: Heimspekistofnun og Háskólaútgáfan 2006, bls. 127–145, hér bls. 142–143.

³⁵ Sjá Luce Irigaray, „Pegar varir okkar tala saman“, þýðandi Steinunn Hreinsdóttir, *Hugur. Tímarit um heimspeki* 28/2016–2017, bls. 83–92 og Steinunn Hreinsdóttur, „Líkamleg gagnrýnin hugsun í heimspeki Luce Irigaray“, *Hugur. Tímarit um heimspeki* 30/2019, bls. 165–182.

Freuds er, að mati Irigaray, sá að hún skýrir kynjamismun á félagslegum forsendum, það er að segja út frá tákngerðum líkama sem býr til sjálfsverur í karlkyni og kvenkyni, á meðan Freud lagði ætíð áherslu á líffræðilegar undirstöður manneskjunnar.³⁶ Aftur á móti vill Irigaray endurskrifa tákngerðina sem Lacan lýsir og því hefur verkefni hennar falið í sér gagnrýni á hið táknræna kerfi sem við notum til að hugsa um heiminn og stað okkar innan hans. Þetta verkefni vísar um leið út fyrir umræðu um kynjamismun og tekst einnig á við siðfræði og stjórnmal.

Hin franska viðtökusaga sálgreiningar hefur í fleiri tilvikum einkennst af skapandi átökum um arfleifð Freuds og Lacans, og það má halda því fram að þar hafi hugmyndum sálgreiningarinnar verið sýndur „trúnaðarlaus trúnaður“.³⁷ Gilles Deleuze og Félix Guattari hafa í bókunum *And-Ödipusi* og *Þúsund flekum* til að mynda gagnrýnt Ödipusarlíkan Freuds harðlega, jafnt á fræðilegum sem og pólitískum forsendum. Með hliðsjón af siðfræði Baruchs Spinoza gerir Björn Þorsteinsson tangarsókn þeirra gegn túlkunarhefð sálgreiningar ítarleg skil í grein sinni „Látið flæða“ sem birtist í þessu hefti. Deleuze og Guattari telja nefnilega að Freud hafi misst sjónar á þeirri rót-tæku kenningu sem sálgreiningin grundvallast á þegar hann lagði til að ráða mætti í dulvitundina. Dulvitundin verður ekki túlkuð í eitt skipti fyrir öll, að þeirra sögn, „dulvitundin er munaðarlaus“.³⁸

Með líkum hætti hefur Michel Foucault gagnrýnt í fyrsta bindi *Sögu kynlífsins* það sem hann kallar bælingartilgátuna; þá lífsseigu hugmynd að kynlífið hafi verið bælt af öllum mætti frá því á Viktoríutímanum.³⁹ Fleiri

³⁶ „Þegar allt kemur til alls hlýtur hinn líffræðilegi mismunur [kynjanna] að hafa sínar sálrænu afleiðingar“. Sjá Sigmund Freud, „Kveneðlið“, *Nýir inngangsfyrirlestrar um sálkönnun*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, bls. 127–152, hér bls. 141. Freud telur konuna eða kveneðlið þó ekki vera fyrirfram gefið, heldur að það *verði til*: „Í samræmi við sérstætt eðli sitt reynir sálkönnunin ekki að lýsa því hvað kona er, en tekur sér fyrir hendur að grennslast um hvernig hún verði til, hvernig kona þróist úr barni með tvíkynja hvatir“ („Kveneðlið“, bls. 132). Geir Svansson og Guðrún Elsa Bragadóttir eru meðal þeirra sem hafa tekið þessa þætti í kenningum Freuds til skoðunar, meðal annars með tilliti til hinsegin fræða og hugsunar handan kynjatvíhyggju. Sjá Geir Svansson, „Ósegjanleg ást. Hinsegin sögur og hinsegin fræði í íslensku samhengi“, *Skírnir* haust/1998, bls. 476–512 og Guðrún Elsa Bragadóttir, „Af usla og árekstrum. Sálgreining í ljósi hinsegin fræða“, *Ritið* 2/2017, bls. 13–37.

³⁷ Björn Þorsteinsson, „Samhengið í hugsun Jacques Derrida“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 16. október 2004, bls. 6.

³⁸ Gilles Deleuze og Félix Guattari, *L'Anti-Édipe. Capitalisme et schizophrénie* I, París: Minuit, 1972, bls. 57.

³⁹ Um kenningar Freuds um Ödipusarduldina og bælingu sjá til dæmis greinar hans,

áhrifamiklir höfundar af hinum franska skóla, svo sem Louis Althusser, Jacques Derrida og Julia Kristeva, hafa einnig unnið úr arfi sálgreiningarinnar á skapandi hátt.⁴⁰ Í heftinu birtist einmitt þýðing Ásdísar Rósu Magnúsdóttur á grein Kristevu „Unglingsskáldsagan“, en í greininni skoðar Kristeva tengslin milli skáldsagnaritunar og unglingsáranna, þar sem orðið „unglingur“ vísar ekki til ákveðins aldurs skeiðs heldur, eins hún kallar það, opinnar sálrænnar gerðar.

Það fjór sem hljóp í umræður um sálgreininguna í kjölfarið á endurtúlkun Lacans á Freud hafði einnig áhrif utan Frakklands. Í Bandaríkjunum lagði Judith Butler grunn að hinsegin fræðum og mótaði kenningu sína um skjönun og kyngervi með gagnrýnni úrvinnslu á hugmyndum Freuds og Lacans.⁴¹ Í seinni tíð hefur slóvenski heimspekingurinn Slavoj Žižek verið einn helsti kyndilberi sálgreiningar í hugvísindum á alþjóðavettvangi. Í grein hans „’Guð er dauður en hann veit það ekki’“ sem birtist hér í þýðingu Solveigar Guðmundsdóttur, fjallar Žižek um trúarbrögðin, yfirsjálfíð og siðfræðina út frá kenningum Lacans. Það hefur orðið viðsnúningur á markmiðum sálgreiningarinnar í nútíma(neyslu)samfélagi samkvæmt Žižek sem leitast við að sannreyna þá staðhæfingu sína, með hliðsjón af smásögunni „Bobok“ eftir Dostojevski, að siðfræði sálgreiningarinnar sé „eina orðræðan þar sem manni leyfist að njóta ekki“.⁴²

„Mótstaða og bæling“ og „Þróunarferli líbídóar og skipulag kynlífs“ í seinna bindinu af *Inngangsfyrirlestrum um sálkönnun*, bls. 310–326 og bls. 345–365. Gagnrýni Foucaults er að finna í köflunum „Við hinir, viktóriumenn“ og „Bælingartilgátan“ í *Alsei, vald og þekking*, þýðandi Björn Þorsteinsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 170–179 og bls. 180–211.

⁴⁰ Áður hafa verið gefnir út tveir textar á íslensku eftir Juliu Kristevu, annars vegar greinin „Orð, tvíröddun og skáldsaga“, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, þýðandi Garðar Baldvinsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 93–128 og hins vegar bókina *Svört sól. Geddeyfð og þunglyndi*, Dagný Kristjánsdóttir ritstýrði og skrifaði inngang og Ólóf Pétursdóttir þýddi, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008. Þá má benda sérstaklega á ítarlega umfjöllun Dagnýjar í innganginum að bók Kristevu; „Ástin og listin gegn þunglyndinu“, bls. 13–47.

⁴¹ Sjá til dæmis Judith Butler, *Gender Trouble. Feminism and the Subversion of Identity*, London og New York. Routledge, 1990.

⁴² Sjá einnig Slavoj Žižek, *Óraplágan*, Haukur Már Helgason þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007, „Kant með (eða á móti) Sade“, Haukur Már Helgason þýddi, *Hugur. Tímarit um heimspeki* 16/2004, bls. 76–90 og „Framvinda „Mjúku byltingarinnar““, Haukur Már Helgason þýddi, *Af okkur*, Reykjavík: Nýhil, 2004, bls. 104–144. Žižek hefur til dæmis fjallað um trú í bókunum *On Belief*, London: Routledge, 2001 og *The Puppet and the Dwarf. The Perverse Core of Christianity*, Cam-

4.

Eitt helsta framlag sálgreiningarinnar í hugmyndasögulegu tilliti er fyrirvari hennar við þá hugmynd að sálarlíf og sjálfsvitund okkar séu sjálfhjós og fyllilega aðgengileg fyrirbæri. Í bókinni *Með og á móti sálgreiningu* gerir Stephen Frosh tilraun til að ræða kosti og galla þessa margbrotna kenningakerfis. Hann bendir á að meira en hundrað árum eftir útgáfu ritgerðarinnar *Fimm sjúkdómstilfelli sefasýki* (1895) vekir Freud enn mesta athygli sem forvígismaður þeirra hugmynda sálgreiningarinnar sem borist hafa með straumi poppmenningar tuttugustu aldarinnar. Frosh telur að þar vegi þyngst framlag Freuds til sjálfsskilnings okkar í nútímanum. Með kenningu sinni um dulvitaðar þrjár og hvatir skýri hann þá tilfinningu (sem mörg okkar kannast við) að vera ekki fyllilega við stjórn í eigin sálarlífi.⁴³ Sálgreiningin láti vissulega ekki staðar numið með þessari athugun enda sé hún í raun siðferðilegs eðlis fremur en sannanleg eða hrekjanleg vísindakenning. Þversögn sálgreiningarinnar sé fólgin í þeirri trú að með henni megi varpa ljósi á það sem hún sagði öllum hulið.⁴⁴

Að okkar viti liggur máttur sálgreiningarinnar einna helst í því sem seint fæst vitað með endanlegum hætti. Það eru *ráðgátur* hennar, fremur en *svör* sem heilla, rétt eins og franskir heimspekingurinn Maurice Merleau-Ponty hefur bent á:

Þegar við sjáum hvað getur gerst innan siðmenningar þar sem umburðarlyndi gagnvart sálgreiningunni er of mikið; þar sem hugtök sálgreiningarinnar eru orðin veik og ofnotuð, eru ekki ráðgátur lengur heldur orðin efniviður í nýjar kreddur; þar sem sálgreiningin er orðin að undirstöðufagi og að stofnun og hún getur af sér greinar sem eru undir of miklum áhrifum af henni, staðfesta hana á yfirborðinu en dylja í raun og veru dulvitund í öðru veldi, einmitt vegna hroðvirknislegrar og yfirborðskenndrar greiningar; þegar við sjáum allt þetta verðum við að spyrja okkur sjálf hvort ekki sé nauðsynlegt að sálgreiningin – ég á við sem meðferðarúrreði og sannreynanleg þekking – haldi áfram að vera þversagnarkennd og spyrjandi, án þess þó að vera leynileg vísindi eða tilraunastarfsemi sem hefur óorð á sér.⁴⁵

bridge: The MIT Press, 2003.

⁴³ Stephen Frosh, *For and Against Psychoanalysis*, New York: Routledge, 2006, bls. 6.

⁴⁴ Sama heimild, bls. 6.

⁴⁵ Maurice Merleau-Ponty, „Phenomenology and Psychoanalysis“, *Review of Exis-*

Ýmsar þekkingarhefðir, þar með talið trúarbrögð og heimspeki, höfðu gert tilraunir til að svara þeim spurningum sem sálgreiningin hefur varpað fram, áður en læknisfræðin, sálfræðin og geðlæknisfræðin tóku þær upp á arma sína. Margháttað þekking á stefnumóti líkamans og menningarinnar hefur áunnist á undanförunum áratugum og öldum, en þó eru ótal spurningar enn knýjandi og ekki í sjónmáli að við þeim finnist tvímællalaus svör. Það er ekki víst að við ættum að leita til sálgreiningar í von um að finna þau. Mun fremur mætti líta svo á að textar úr ranni sálgreiningar geti varpað áhugaverðu ljósi á tilraunir okkar til að skilja margt sem erfitt er að skilja. Af og til varpa þeir ljósi á takmarkanir þekkingar okkar, öðrum stundum bera þeir frjóu ímyndunaraffli og sköpunargáfu vitni, í sumum tilvikum veita þeir innsýn í þau mein sem við teljum sækja að okkur í nútímanum en oftast en ekki bygja þeir okkur kannski sýn á veruleikann. Þá er ágætt að hafa í huga orð Bjargar C. Þorláksson sem fyrst íslenskra kvenna lauk doktorsprófi á þeim tíma sem sálgreiningin hafði náð tölverðri útbreiðslu í Evrópu og Bandaríkjunum:

Og ýmsir fleiri áhangendur dr. Freud [en dr. Rank] gera sjer mikið far um að alhæfa sálgreininguna og skýra alt milli himins og jarðar fyrir ljós það, er hún varpi yfir lífið og lífsfyrirbrigðin. Gera þeir þetta í einlægri aðdáun en úr verður ógagn eitt.⁴⁶

Hvað sem öðru líður ber þetta fræðasvið vitni um tilraunir okkar til sjálfskílnings, ekki síður en hugsunum okkar um eldfim og aðkallandi efni, svo sem uppeldi, kynferði, neyslu, vald og uppruna og – þegar öllu er á botninn hvolft – hugmyndum okkar um það hvað er gott og hvað er illt.

*Marteinn Sindri Jónsson,
Steinar Örn Erluson,
Guðrún Steinþórsdóttir og
Sigrún Margrét Guðmundsdóttir*

tential Psychology & Psychiatry 18/1985, bls. 67–72, hér bls. 70. Textinn er fenginn úr óbirttri þýðingu Ingibjargar Þorsteinsdóttur.

⁴⁶ Björg C. Þorláksson, „Sálgreining“, *Iðunn* 13/1929, bls. 21–47, hér bls. 47. Sigríður Þorgeirsdóttir hefur skrifað um mannskilning Freuds og Bjargar í greininni „Að koma Björgu á kortið. Heimspeki Bjargar C. Þorláksson í evrópsku samhengi“, *Björg. Verk Bjargar C. Þorláksson*, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir ritstýrði, Reykjavík: JPV útgáfa, 2002, bls. 159–182.

